

Hönnun hf
Axel Valur Birgisson
Síðumúla 1
108 Reykjavík

2002090012
1000; 9310

Reykjavík, 14. nóvember 2002
/--

Efni: Vatnsendahvarf, tengibraut milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og Vatnsendavegar í Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hönnunar hf. dags. 15. október 2002 fyrir hönd Kópavogsbæjar þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt Vatnsendahvarf, tengibraut milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og fyrirhugaðs Vatnsendavegar í Kópavogi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 28. október 2002, Reykjavíkurborg með bréfi dags. 30. október 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 24. október 2002, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins með bréfi dags. 28. október 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 28. október 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 28. október 2002, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 6. nóvember 2002 og Vegagerðinni með bréfi dags. 24. október 2002.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 1., 6. og 7. nóvember 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða lagningu tengibrautar, Vatnsendahvarfs, milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og fyrirhugaðs Vatnsendavegar í Kópavogi. Vatnsendahvarf er tengibraut með tveimur akreinum, samtals um 7,5 m á breidd. Fram kemur að lengd brautarinnar frá fyrirhuguðum Vatnsendavegi að

gatnamótum við Breiðholtsbraut sé 500 m. Gert sé ráð fyrir að í byrjun muni brautin miðla allri umferð að og frá norðursvæði Vatnsenda en þegar gatnakerfið verði komið í endanlegt form muni umferð takmarkast við umferð úr vestri af Breiðholtsbraut og umferð inn á Breiðholtsbraut til austurs. Áætluð umferð verði fyrst um sinn 10-15 þúsund bílar á sólarhring en þegar Arnarnesvegur hafi tengst Breiðholtsbraut verði hún innan við 10 þúsund bílar á sólarhring.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdinni fylgi gerð um 250 m langrar og 1-2 m hárrar hljóðmanar austan við suðurhluta Vatnsendahvarfs. Einnig gerð settjarna sunnan Breiðholtsbrautar austan við Vatnsendahvarf.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð efnisþörf vegna framkvæmdanna sé um 11.500 m³, en gert sé ráð fyrir að þar af muni nýttir 3.000 m³ af efni sem til falli við gröft úr vegstæði og gangstéttarstæði en 8.500 m³ verði fengnir úr efnistöskustöðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Efnistöskustaðir sem til greina komi séu t.d. Bolalda við Sandskeið, Vatnsskaðsnáma á Reykjanesi, Undirhlíðar við Bláfjallaveg eða efni tekið úr sjó frá Björgun. Gert er ráð fyrir að umframefni sem falli til við gröft verði um 6.000 m³, en hluti þess verði nýttur til gerðar hljóðmana en afgangurinn haugsettur í Leirdal.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að tengja iðnaðarhverfi við Urðarhvarf og Ögurhvarf og íbúðarbyggð í Vatnsendahverfi við Breiðholtsbraut og Vatnsendaveg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Kópavogsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur m.a. í umsögnunum að engar mikilvægar náttúruvinjar, tegundir á valista eða fornleifar séu í húfi á svæðinu og lagning vegarins sé utan vatnsverndarsvæðis.

Vegagerð á Vatnsendasvæði

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur er bent á að æskilegt væri að fá heildaryfirlit yfir umhverfisáhrif vegagerðar, uppbyggingar og settjarna á Vatnsendasvæðinu, ekki síst þar sem afrennsli úr settjörnum á að fara í Elliðaárna, þó að slíkt yfirlit yrði líklega ekki unnið með formlegu mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telur fyrirhugaðar settjarnir vera fullnægjandi mengunarvarndir gagnvart afrennslisvatni frá Vatnsendahvarfi. Hollustuvernd ríkisins bendir á að eðlilegt hefði verið að fjalla um heildaruppbyggingu alls svæðisins umhverfis Vatnsendahvarf m.t.t. umhverfisáhrifa.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er gerð athugasemd við það að framkvæmdir við Vatnsendahvarf séu tilkynntar sérstaklega á undan framkvæmdum við Vatnsendaveg.

Hljóðmengun

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að að hávaði frá Vatnsendahvarfi verði ekki líklegur til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Því er beint til framkvæmdaraðila að honum beri að stefna að því að halda hljóðstigi innan við 45 dB(A), sem sé leiðbeiningagildi fyrir íbúðarbyggð. Á svæði þar sem engin uppbygging hafi hafist séu allir möguleikar á að skipuleggja byggð, umferð og hljóðvarnir þannig að leiðbeiningagildi reglugerðar nr. 933/1999 standist. Þá er bent á að í gögnum framkvæmdaraðila komi ekki fram að reiknað hafi verið hljóðstig við útvegg húss sem teiknað sé hvað næst gatnamótum Vatnsendahvarfs og Vatnsendavegar.

Í umsögn Kópavogsbæjar er bent á að umferðarhávaði sé líklegastur til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum, en settar verði hljóðmanir við götuna þannig að hljóðstig verði undir viðmiðunarmörkum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er túlkun framkvæmdaraðila á efni reglugerðar um hávaða nr. 933/1999 mótmælt þar sem í framlögðum gögnum komi fram að krafa reglugerðar sé að hljóðstig við íbúðarhús í nágrenni vegarins verði innan við 55 dB(A) í stað þess að leggja 45 dB(A) til grundvallar. Vísað er til fyrrgreindrar reglugerðar og bent á að greinilegt sé að markmið reglugerðarinnar sé að við hönnun gatna s.s. tengibrautar á borð við Vatnsendahvarf, sem er utan núverandi byggðar, eigi hönnun að hafa leiðbeiningagildi sem viðmiðun.

Í umsögn Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur er gerð athugasemd við túlkun á reglugerðum nr. 933/1999 um hávaða sem fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðila. Bent er á að reglugerðin geri ráð fyrir í leiðbeiningarmörkum að stefna skuli að 45 dB(A) hávaðamörkum þó að 55 dB(A) sé það hljóðstig sem verði að að uppfylla til þess að ástandið geti talist viðunandi.

Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum við viðmiðanir um hávaða á framkvæmdasvæði vísar framkvæmdaraðili til reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Bent er á að skilyrðið sem reglugerðin setji sé 55 dB(A) en ákjósanlegt sé að ná gildinu 45 dB(A). Á meðan ekki sé fastar að orði kveðið í reglugerðinni sé ljóst að viðmiðunargildið sé það gildi sem krafist sé en önnur gildi séu tilmæli sem stefnt sé að og einungis uppfyllt sé þess nokkur kostur. Þó muni framkvæmdaraðili leggja áherslu á að dregið verði sem mest úr hljóðstigi frá veginum við nærliggjandi hús með gerð hljóðmana. Einnig sé hægt að grípa til byggingartæknilegra úrræða til viðbótar við hljóðmanir. Varðandi athugasemd um að ekki hafi verið reiknað hljóðstig fyrir hús sem næst standi veginum bendir framkvæmdaraðili á að í þeim húsum sé ekki föst búseta og því ekki þörfa á mælingum þar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 500 m langrar tengibrautar, Vatnsendahvarfs, milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og fyrirhugaðs Vatnsendavegar í Kópavogi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna framkvæmdaraðila og umsagna að helstu umhverfisáhrif af völdum framkvæmdar verði vegna hávaða í fyrirhugaðri íbúðarbyggð. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að farið verði að ákvæðum reglugerðar nr. 933/1999

um hávaða. Þannig verði leitast við að uppfylla leiðbeiningarmörk samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar og tryggt að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum. Stofnunin bendir á að þar sem hvorki sé hafin lagning vega né bygging íbúðarhúsnæðis á svæðinu séu allar forsendur til að tryggja fullnægjandi hljóðvist í fyrirhugaðri íbúðarbyggð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Vatnsendahvarf, tengibraut milli Breiðholtsbrautar í Reykjavík og Vatnsendavegar í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gerð verði 250 m löng hljóðmön við suðurhluta tengibrautarinnar Vatnsendahvarf og er hún sýnd á uppdrætti um hljóðútreikninga fyrir umferðarhávaða. Skipulagsstofnun bendir á að hvorki hefur verið gert ráð fyrir hljóðmön á þessum stað í deiliskipulagi íbúðarsvæðis á norðursvæði Vatnsenda né í deiliskipulagi atvinnusvæðisins í Vatnsendahvarfi. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. desember 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðisins, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur, Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.